ORKUBÚ VESTFJARÐA

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

KVÍSLATUNGUVIRKJUN, STRANDABYGGÐ

Umhverfismatsskýrsla

Ágúst2024

Verkís hf. | 422 8000 | verkis.is | verkis@verkis.is

HEITI SKÝRSLU	KVÍSLATUNGUVIRKJUN, STRANDABYGGÐ. UMHVERFISMATSSKÝRSLA. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	DREIFING:
VERKEFNI	22286002	☒ OPIN ☐ LOKUÐ TIL
SKÝRSLA NR. 364935	AFURÐAR AUÐKENNI: 22286-M00031	☐ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA

ÚTGÁFUSAGA					
ÚTG. NR	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMÞ.	ÚTGÁFUSTAÐA
1	2024-07-22		EJ		Drög
2	2024-07-27		ÞSL		Drög
3	2024-08-29		AÞS		Endanleg útgáfa

HÖFUNDAR:	VERKEFNISSTJÓRI:
Sigmar Arnar Steingrímsson, Arnór Þór Sigfússon, Erna Ó. Arnardóttir, Einar Jónsson, Gunnar Páll Eydal, Sigurlaug Sigurðardóttir og Þorbergur Steinn Leifsson.	Sigmar Arnar Steingrímsson

UNNIÐ FYRIR:	SAMSTARFSAÐILAR:
Orkubú Vestfjarða UMSJÓN: Sölvi Rúnar Sólbergsson	

ÚTDRÁTTUR:

Orkubú Vestfjarða ehf. áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Áætlað afl hennar verði allt að 9,9 MW. Virkjunin virkjar vatn á hálendi norðan við Þjóðbrókarjökul sem inntakslón og miðlunarlón hennar verða staðsett. Frá inntaksmannvirki mun vatn renna um niðurgrafna þrýstipípu til stöðvarhúss, sem staðsett verður nærri Selá í Selárdal. Framleidd orka verður flutt um 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes í Staðardal.

Almennt eru sambærileg áhrif valkosta á þá umhverfisþætti sem metnir voru, en munur er á valkostum varðandi vatnalíf og landslag og ásýnd. Áhrif valkosta eru metin óveruleg á fugla, fornleifar og náttúruvá. Áhrif á vatnafar og jarðmyndanir eru metin nokkuð neikvæð. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru hér á vatnalíf og landslag og ásýnd, en fyrir báða umhverfisþætti eru áhrif valkostar 1 metin nokkuð til talsvert neikvæð en valkostir 2 og 3 hafi talsvert neikvæð áhrif. Samfélagsleg áhrif Kvíslatunguvirkjunar eru metin talsvert jákvæð.

LYKILORÐ ÍSLENSK:	LYKILORÐ ENSK:
Mat á umhverfisáhrifum, umhverfismatsskýrsla, vatnsaflsvirkjun	Environmental Impact Assessment, Environmental Impact Statement, Hydropower Station

© Geta skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með öðrum hætti.

Samantekt

Markmið framkvæmdar

Orkubú Vestfjarða ehf. (OV) áformar að reisa virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Selárdal í Strandabyggð. Virkjunin verður á hálendi norðan við Þjóðbrókargil, Ófeigsfjarðarheiði, þar sem inntakslón og miðlunarlón hennar verða staðsett. Frá inntaksmannvirki mun vatn renna um niðurgrafna þrýstipípu til stöðvarhúss, sem staðsett verður nærri Selá í Selárdal. Frá honum verður flutt um 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Hólmavík. Þaðan liggur 33 kV lína Orkubús Vestfjarða að tengivirki Landsnets í Geiradal. Markmið með Kvíslatunguvirkjun er að:

- Bæta afhendingaröryggi á Ströndum, Reykhólum og Djúpi.
- Bæta skilyrði til orkuskipta.
- Auka varaafl á svæðinu í stað eldsneytisvéla.
- Auka orkuframleiðslu inn á dreifikerfi raforku.

Framkvæmdin og valkostir til umhverfismats

Áætlað er að uppsett afl Kvíslatunguvirkjunar verði allt að 9,5 MW sem miðast við 2,35 m³/s virkjað rennsli og að orkuframleiðsla verði um 62 GWh/ári. Settir eru fram þrír valkostir á útfærslu virkjunarinnar, sjá kafla 7, en hér verður framkvæmdinni lýst miðað við ýtrustu útfærslu Kvíslatunguvirkjunar, þ.e. valkost 3, sem felur einnig í sér virkjun á rennsli sem verður veitt úr miðlunarlóni um veituskurð og í inntakslón. Með smávirkjuninni verður uppsett afl 9,9 MW.

Kvíslatunguvirkjun felur í sér virkjun vatns sem nú fellur í Selá, að mestu um Þjóðbrókargil og í minna mæli um Svartagil og Afréttargil. Gert verður inntakslón þar sem Efri-Kotvötn eru nú og miðlunarlón þar sem Svartagilsvatn er (Svartagilsvatnslón). Frekara vatni verður veitt í miðlunarlónið af svæðum norðvestan við lónið, nefnt Svartagilsveita og Hraunaveita. Megin kvíslinni sem rennur í Þjóðbrókargil og afrennslinu frá Svartagilsvatnslóni þarf að veita um 1.000 m langan veituskurð í inntakslónið. Inntak verður í eystri Kotvatnastíflunni og þaðan verður lögð niðurgrafin þrýstipípa að stöðvarhúsi í Selárdal. Byggja þarf upp fyrirliggjandi slóða inn Selárdalinn á um 4 km leið frá Geirmundarstöðum að stöðvarhúsi og leggja nýjan um 6 km langan uppbyggðan veg upp hlíðina frá stöðvarhúsi að inntaki, stíflustæðum og veituskurði í Efri-Kotvötn. Vegna framkvæmda við Svartagilsveitu og Hraunaveitu, verða gerðir slóðar sem jarðvinnutæki og greyttir jeppar komast eftir. Aðkomuslóði vestan Svartagilsvatns verður varanlegur til að nota við hugsanleg viðhald eða viðgerðir á rekstrartíma. Áætluð heildarefnisþörf vegna stíflumannvirkja vegagerðar og annarra framkvæmda á svæðinu er 515.000 m³ en til stendur að nýta efni sem kemur úr uppgreftri til annarra framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins. Nánari lýsing á framkvæmdinni er í kafla 6.

Vinna við frumhönnun Kvíslatunguvirkjunar hefur leitt í ljós að þrjár útfærslur á virkjuninni teljast nokkuð raunhæfir valkostir með tilliti til tæknilegrar útfærslu, framkvæmdakostnaðar og rekstrarhagkvæmni. Kostunum er lýst hér:

Valkostur 1. Virkjun með inntakslóni.

Í þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggi eingöngu á rúmtaki inntakslóns. Kostir Efri-Kotvatnum og veitu úr árkvísl ofan Þjóðbrókargils. Engar aðrar miðlanir eða veitur verða á svæðinu, að öðru leyti en því að kvísl sem rennur um Þjóðbrókargil, verður veitt í inntakslónið.

Valkostur 2. Virkjun með inntakslóni og litlu miðlunarlóni.

Í þessum kosti felst að orkuframleiðsla byggist á því að miðla vatni til inntakslónsins með miðlun í Svartagilsvatni með byggingu stíflu þar (Svartagilsvatnsmiðlun). Rennsli í miðlunina ráðist af náttúrulegu aðrennsli. Vatnsborð lónsins verði hæst 454 m y.s.